

XJ Fundargerð 2. des 2023

3 hafa óskað eftir að fara úr framkvæmdastjórn. Haldinn var aðalfundur.

Mætt: Sæþór Benjamín, Dröfn Haraldsdóttir, Guðmundur Auðunsson, Katrín Baldursdóttir, Sara Stef, Kári Jónsson, Jóhann Helgi Heiðdal, Sanna Magdalena, Margrét Pétursdóttir, Karl Héðinn Kristjánsson, Gunnar Smári Egilsson, Jökull Sólberg Auðunsson,

Hafður hefur verið siður að fólk sem hefur áhuga á að vera í framkvæmdastjórn fái að mæta á fundi. Jóhann Helgi Heiðdal á Akureyri og Dröfn Haraldsdóttir eru boðin velkomin á framkvæmdarstjórnarfundar.

Fundargerð síðasta fundar er samþykkt.

Fundargerð Framkvæmdastjórnar...

PDF Document · 117 KB



Fjárhagsstaða

Gjaldkeri er ekki með fjárhagsstöðu flokksins þennan fund en vísar í síðasta uppgjör.

Það var samþykkt á síðasta sósíalistapiingi að laga innheimtuna. Núna eru greiðsluseðlar sendir á alla þó félagsgjöld séu valkvæð. Við höfum áður sent út auka söfnun og það hefur gengið vel. Rætt að taka upp sama kerfi og Samstöðin notar sem er byggt á Áskel kerfinu. Væri gott að ná þessu fyrir Sósíalistapiing.

Verkefni fyrir Sósíalistapiing

Dagsetningar sem koma til greina: 9. mars eða 16. mars. Budgetið í Hörpu fyrir Kaldalón fyrir einn dag með fundarherberginu við hliðina er rétt undir 500þús. En Kaldalón er ekki laust þessa daga. Jökull, Sæþór, Karl, Sara og Dröfn eru í skipulagsnefnd fyrir Sósíalistapiing 2024 - munu hittast fyrir næsta fund, reglulega fram að þingi og koma með tillögu að formi, kostnaðaráætlun og dagsetningu þingsins. Samþykkt að miða við 1,5 m.kr. fyrir kostnaðaráætlun.

Dröfn: Mikilvægt að spillingin sé stór punktur á Sósíalistapiinginu.

Gunnar Smári: Þurfum að átta okkur á hver ramminn er í efnistöku og gestum (stefnumörkun fyrir þingið).

Það þarf að vera möguleiki á útsendingu frá þinginu. Karl segir mikilvægt að fá tæknimann með.

Sosialistaflokkurinn .is

Jökull treystir sér ekki til að "taka yfir" vefinn af Andra fyrir sósíalistaping. Það þarf að bíða betri tíma.

Framkvæmdir á Bolholti

Karl húsvörður kemur með verkáætlun á Facebook síðu framkvæmdastjórnar svo framkvæmdastjórn viti hver framgangurinn er. Planið er að taka niður vegg til að nýta plássið betur. Karl ætlar að tala við Hrapp til að halda takti í verkinu. 30. des væri flottur dagur til að opna nýja rýmið, aðalfundur Vorstjörnunnar.

Önnur mál

Sósíalíski stjórnámálaskólinn aftur 9. desember.